

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 4. júní 2026.

Mál nr. 340/2025:

A

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður,
Friðrik Smáráson lögmaður, 1. prófmál)

gegn

Reykjavíkurborg

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Lykilorð

Fjártjón. Gagnsök. Matsgerð. Skaðabætur.

Útdráttur

A hafði starfrækt daggæslu barna á heimili sínu um árabíl er hún var svipt starfsleyfi tímabundið í þrjá sólarhringa. A höfðaði mál gegn R og krafðist nánar tilgreindra skaðabóta úr hendi R vegna sviptingarinnar, auk vaxta og dráttarvaxta. Til vara krafðist A skaðabóta að álitum. Héraðsdómur taldi að þó svo svipting starfsleyfis A hefði verið saknæm og ólögmet hefði henni ekki tekst sönnun þess að hún hefði orðið fyrir tjóni vegna sviptingarinnar. Var R því sýknuð af kröfum A. A vildi ekki una þeirri niðurstöðu og áfrýjaði málinu til Landsréttar. R gagnáfrýjaði og krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um málskostnað. Landsréttur staðfesti hinn áfrýjaða dóm um sýknu R með vísan til forsendna hans og gerði A að greiða R málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson, settur landsréttardómari.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Aðaláfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 5. maí 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl 2025 í málinu nr. E-6732/2023.
- Aðaláfrýjandi krefst þess að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum 21.935.902 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. júlí 2022 til 2. nóvember 2023, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess að gagnáfrýjanda verði gert að greiða honum skaðabætur að álitum með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

- 3 Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu fyrir sitt leyti 13. ágúst 2025. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en um málskostnað. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 5 Eftir úrslitum málsins verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, A, greiði gagnáfrýjanda, Reykjavíkurborg, 600.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. apríl 2025

Mál þetta, sem var dómtekið 13. mars 2025, var höfðað 2. nóvember 2023.

Stefnandi er A, [...].

Stefndi er Reykjavíkurborg, ráðhúsinu í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru aðallega þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 21.935.902 krónur með vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. júlí 2022 til 2. nóvember 2023 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að álitum, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. júlí 2022 til 2. nóvember 2023 en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

I

A

Forsaga málsins er sú að stefnandi starfrækti daggæslu barna á heimili sínu. Hinn 17. september 2018 mætti starfsmaður stefnda heim til stefnanda í óboðað eftirlit á vegum stefnda, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum. Í skýrslu vegna eftirlitsins var gerð athugasemd við háan stiga í íbúðinni þar sem ekki væri handrið vinstra megin við stigann og ekki öryggishlið við stigaopið niðri. Skýrslan var send stefnanda 24. september 2018 og var henni þá gefinn kostur á því að koma að andmælum eða athugasemdum vegna þessa. Með tölvubréfi 25. september 2018 hafnaði stefnandi athugasemd eftirlitsaðilans á þeim forsendum að stiginn hefði fram til þessa ekki verið til vandræða þar sem hún „kenni börnunum að umgangast hann eins og aðra hluti“. Tók stefnandi þá fram að stiginn væri ekki á daggæslusvæði íbúðarinnar og að börnum í hennar umsjá stafaði þar af leiðandi engin hættu af honum. Aldrei hefðu verið gerðar athugasemdir við stigann áður í þau tíu ár sem daggæsla hefði verið rekin í húsnaðinu.

Samskipti aðila í kjölfarið leiddu ekki til sáttar um þessar aðfinnslur og meinaði stefnandi starfsmönnum stefnda ítrekað um aðgengi að daggæslunni næstu mánuði til að kanna þar aðbúnað. Síðar kom þó fram sú afstaða hennar að hún gæti fallist á að einn tiltekinn starfsmaður stefnda, þ.e. B, myndi sinna slíku eftirliti.

Hinn 31. janúar 2019 sendi skóla- og frístundasvið stefnda þær C, verkefnastjóra sérkennslu, og B eftirlitsaðila fyrir hönd stefnda á heimili stefnanda til að sinna eftirliti. Stefnandi meinaði þá C inngöngu þar sem aðeins B hefði heimild til að sinna eftirliti. Afréðu C og B þá að hverfa á brott.

Sama dag, þ.e. 31. janúar 2019, var stefnanda boðsent bréf þar sem tilkynnt var að ráðgert væri að svipta hana tímabundið leyfi til að reka daggæslu í heimahúsi. Kom fram að ástæður væru annars vegar að ekki hefði verið brugðist við athugasemdum um umbúnað stiga í daggæslunni og hins vegar hefði fulltrúum skóla- og frístundasviðs stefnda verið meinaður aðgangur að daggæslunni til þess að sinna lögbundnu eftirliti í samræmi við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Var stefnanda þá boðið að koma til fundar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs 1. febrúar 2019 kl. 17:00 til að gæta andmælaréttar eða eftir atvikum að senda skrifleg andmæli sem þyrftu þá að berast áður en umræddur fundur ætti að fara fram.

Hinn 1. febrúar 2019 svaraði þáverandi lögmaður stefnanda bréfi stefnda þar sem fyrirhugaðri tímabundinni starfsleyfissviptingu var andmælt því að ekki væru fyrir hendi aðstæður sem heimiluðu slíkt. Ítrekað var að börn sem vistuð væru hjá stefnanda hefðu ekki aðgengi að stiganum, aldrei hefðu verið óhöpp tengd honum þau tíu ár sem daggæslan hefði verið starfrækt í húsnæðinu og aldrei áður hefði þótt ástæða til þess að gera athugasemdir við stigann. Þá var vísað til þess að ákvörðun um tímabundna sviptingu yrði að vera tekin af félagsmálanefnd sveitarfélags sem væri ein bær til þess að taka slíka ákvörðun og væri málið því á forræði velferðarráðs stefnda, en ekki skóla- og frístundasviðs.

D, þáverandi sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, svaraði erindinu samdægurs í tölvubréfi. Fór hann þar fram á að stefnandi veitti fulltrúum heilbrigðiseftirlits aðgang að daggæslunni eigi síðar en þann 4. febrúar 2019 vegna stigans og að fulltrúum skóla- og frístundasviðs yrði gert kleift að sinna lögbundnu eftirliti til samræmis við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005. Ef ekki yrði fallist á það mætti gera ráð fyrir því að stefnandi yrði svipt leyfi tímabundið. Stefnanda var gefinn kostur á að koma andmælum á framfæri fyrir kl. 10:00 hinn 4. febrúar 2019.

Þessu erindi svaraði þáverandi lögmaður stefnanda með bréfi, dags. 4. febrúar 2019, á þá leið að stefnandi hygðist ekki hleypa starfsmönnum heilbrigðiseftirlits inn á heimili sitt, enda væri slíkt andstætt ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005, en ítrekaði að stefnandi myndi hleypa réttum og sérstaklega til þess tilkynntum eftirlitsaðila stefnda, B, inn á heimilið til þess að sinna úttekt á aðstæðum, hér eftir sem áður.

Að sögn í þeirri viðleitni að mæta vilja stefnanda tilkynnti skóla- og frístundasvið síðar sama dag að fulltrúar sviðsins yrðu sendir til eftirlits í stað fulltrúa heilbrigðiseftirlits og að þeir myndu mæta til að sinna eftirliti 5. febrúar 2019. Til eftirlits mættu þá yfirmaður daggæslusviðs sviðsins og starfsmaður leikskólaskrifstofu sviðsins. Þeim, eins og öðrum sem stefndi hafði sent til eftirlits, meinaði stefnandi aðgang að daggæslunni, á þeim forsendum að einungis B gæti sinnt eftirlitinu, sbr. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005.

Síðar sama dag var stefnanda tilkynnt sú ákvörðun sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stefnda, með vísan til 37. gr. og 38. gr. reglugerðar nr. 907/2005, að svipta stefnanda tímabundið leyfi til daggæslu í heimahúsi. Í umræddri tilkynningu kom fram að hin tímabundna leyfissvipting skyldi gilda til 18. febrúar 2019, nema rannsókn til að undirbyggja ákvörðun um hugsanlega varanlega leyfissviptingu teldist lokið fyrir þann tíma. Í framhaldi var lögmaður stefnanda í samskiptum við sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Var þá ítrekuð fyrri afstaða stefnanda um stigann og ósk um að B tæki út aðstæður á heimilinu svo að ljúka mætti málinu og afturkalla tímabundna sviptingu.

Með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 7. febrúar 2019, var stefnanda tilkynnt að áður en ákvörðun yrði tekin um það hvort stefnandi yrði varanlega svipt leyfi til daggæslu, þá væri það mat skóla- og frístundasviðs að nauðsynlegt væri að fram færi könnun á umbúnaði stigans í daggæslunni. Var boðað að fulltrúar heilbrigðiseftirlits myndu koma til eftirlits í daggæsluna 8. febrúar 2019 svo könnun gæti farið fram. Lögmaður stefnanda tilkynnti með tölvubréfi 7. febrúar 2019 að stefnandi myndi ekki samþykka eftirlit fulltrúa heilbrigðiseftirlits, en kallaði eftir því að B sinnti eftirlitinu eftir ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005. Þar var enn fremur vísað til þess að stigaopið væri varið með öryggishliði og um það vísað til mynda sem fylgdu tölvubréfinu, sem teknar hefðu verið sama dag.

Síðar sama dag, þ.e. 7. febrúar 2019, var eftirlit boðað degi síðar. B, sá fulltrúi skóla- og frístundasviðs sem hafði séð um eftirlitið hjá stefnanda 17. september 2018, mætti þá til að sinna því eftirliti

og var heimilaður aðgangur að daggæslu af hálfu stefnanda. Í samantekt hennar, dags. 8. febrúar 2019, segir: „Eftirlitsaðili fór í eftirfylgni til að skoða hvort að búið væri að gera úrbætur varðandi öryggishlið fyrir stigaop í daggæslu. Eftirlitsaðili samþykkir þær úrbætur sem hafa verið gerðar varðandi stigaop í daggæslunni [...] og teljast því fullnægjandi.“ Samdægurs var stefnanda tilkynnt að tímabundin svipting leyfis hefði verið felld úr gildi og tilkynning yrði send til þess að upplýsa foreldra og þjónustumiðstöðina [...]. Sendi stefndi svo bréf, dags. 8. febrúar 2019, þar sem tilkynnt var um brottfall tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi stefnanda.

B

Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda 18. mars 2020 þar sem krafist var miskabóta auk viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna ólögmætrar tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi til daggæslu barna í heimahúsi, sbr. fyrrgreinda ákvörðun frá 5. febrúar 2019. Endanlegur dómur var lagður á þann ágreining með dómi Landsréttar 8. Apríl 2022 í máli nr. 243/2021.

Landsréttur hafnaði miskabótakröfu stefnanda. Í þeim efnum var vísað til þess að með því að veita upplýsingar um tilvist útdraganlegs hliðs sem stefnandi notaði í því skyni að börn kæmst ekki að stiganum hefði mátt koma í veg fyrir aðgerðir stefnda eins og raun varð á þegar upplýsingar um það lágu fyrir. Með vísan til atvika málsins og sérstaklega þessa aðdraganda ákvörðunarinnar yrði ekki fallist á það með stefnanda að ákvarðanir starfsmanna stefnda hefðu falið í sér ólögmæta meingerð gagnvart henni, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Aftur á móti féllst Landsréttur á fyrrnefnda kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda vegna ólögmætrar tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi. Í þeim efnum tók Landsréttur fram að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stefnda hefði skort heimild til að taka umrædda ákvörðun 5. febrúar 2019. Var því talið að fullnægt væri skilyrðum bótaskyldu um saknæma og ólögmæta háttsemi stefnda. Hvað varðaði ætlað tjón stefnanda tiltók Landsréttur að stefnandi hefði verið svipt starfsleyfi í þrjá daga. Eins og gögn málsins bæru með sér hefði börnum sem hefðu verið í daggæslu hjá stefnanda verið komið annað í dagvistun. Stefnandi hefði því leitt nægar líkur að því að hún hefði orðið fyrir tjóni vegna hinnar ólögmætu leyfissviptingar. Var krafa hennar um að viðurkenndur yrði réttur hennar til skaðabóta úr hendi stefnda vegna ólögmætrar tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi hennar til daggæslu barna í heimahúsi 5. febrúar 2019 því tekin til greina.

C

Stefnandi tók þá ákvörðun að fylla ekki dagvistunarplássin eftir að tímabundin svipting var felld úr gildi og óskaði eftir því að öll pláss væru skráð full hjá henni á vefsíðu yfir dagforeldra sem stefndi heldur úti. Þetta staðfesti stefnandi í skýrslu sinni fyrir dómi, eins og nánar er rakið hér á eftir. Um þetta má einnig vísa til þess að í dagál starfsmanns stefnda, dags. 14. júní 2019, þ.e. rúmum fjórum mánuðum eftir að hin tímabundna leyfissvipting féll úr gildi, er greint frá því að stefnandi hafi hringt og óskað eftir því að fram kæmi að hún væri ekki að taka að sér börn og væri undir læknishendi. Allt skyldi skráð „fullt“ til að hún myndi „losna undan samtölum“ við foreldra. Hún viti ekki hvenær hún muni hafa heilsu til að taka við börnum. Í málinu liggur jafnframt fyrir tölvubréf sama starfsmanns til skóla- og frístundasviðs stefnda frá þeim degi, þ.e. 14. júní 2019, sem er efnislega á sama veg. Þar segir að stefnandi hafi greint frá veikindum sínum sem hún reki til atgangs skóla- og frístundasviðs. Því næst segir: „Með því að vera með daggæsluna skráða fullvistaða vill hún vera laus við áreiti frá símtölum foreldra, því hún veit ekki hvort hún verði tilbúin að taka á móti börnum í haust.“

Stefnandi hóf störf 11. febrúar 2019 sem stuðningsfulltrúi í búsetukjarna fyrir fatlað fólk sem stefndi starfrækir að [...] í sveitarfélaginu.

Í málinu liggur fyrir staðfesting skóla- og frístundasviðs stefnda með tölvubréfi á því að stefnandi hafi fengið greitt mótframlag frá stefnda fyrir allan febrúar 2019, þ.e. að fjárhæð, 317.434 krónur. Stefnandi mótmælir því ekki að hafa þegið þá greiðslu.

Stefnandi hefur lagt fram læknisvottorð E heimilislæknis, dags. 8. október 2019, um að stefnandi hafi leitað til heilsugæslu vegna vanlíðunar 9. febrúar 2019 og nokkrum sinnum komið í kjölfarið á heilsugæsluna. Hún lýsi einkennum líkamlegs kvíða/streitu vegna samskipta við stefnda og hafi verið ávísað róandi lyfjum, auk þess sem hún hafi þurft lyf til að aðstoða sig við svefn í kjölfarið.

Einnig liggur fyrir vottorð F fjölskylduráðgjafa, dags. 14. október 2019, um að stefnandi hafi leitað til hans frá febrúar það ár vegna áfalla og erfiðrar líðanar í tengslum við leyfissviptinguna af hálfu stefnda.

Hinn 21. mars 2020 varð stefnandi fyrir áverkum af völdum einstaklings sem þiggur þjónustu í fyrrnefndum búsetukjarna. Leiddi þetta atvik til tímabundinnar og varanlegrar örorku stefnanda sem stefnandi fékk bættu úr hendi stefnda í gegnum sérstaka tryggingavernd samkvæmt kjarasamningi. Tjónið var gert upp á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttarins og var stefnandi vegna þessa atviks metin 100% tímabundið óvinnufær frá 25. júní 2020 til 21. janúar 2021 og tímabil þjáninga var metið hið sama. Þá var varanlegur miski stefnanda metinn 8 stig og varanleg örorka 12%. Gengið var frá fullnaðaruppgjöri í október 2023 sem fólst í greiðslu á 8.138.687 krónum til stefnanda.

Með umsókn, dags. 27. maí 2020, óskaði stefnandi eftir endurnýjun á leyfi til daggæslu í heimahúsi, en fyrir lá að gildandi starfsleyfi átti að renna út í dagslok 20. ágúst 2020. Á umsóknareyðublaðinu kom fram að fylgja þyrfti læknisvottorð með umsókninni. Slíkt vottorð frá E heimilislækni, dags. 25. maí 2020, fylgdi beiðninni. Þar greinir að stefnandi sé 54 ára gömul kona sem glímt hafi við streitu og andlega vanlíðan frá febrúar 2019 í tengslum við starfsleyfissviptingu af hálfu stefnda. Hún hafi upplifað mikla vanlíðan þegar hún hafi leitað til heilsugæslu í maí 2019. Áður hafi stefnandi almennt verið andlega og líkamlega hraust. Hún lýsi í dag kvíða, þreytu og orkuleysi sem komi í bylgjum. Það komi dagar þar sem hún geti ekki sinnt starfi en sé vel vinnufær inn á milli.

Samkvæmt tölvubréfi stefnda 12. ágúst 2020 hafði starfsmaður stefnda sent stefnanda tölvubréf 13. júlí 2020 þar sem fram kom að læknisvottorð stefnanda uppfyllti ekki það skilyrði að fyrir lægi vottorð sem staðfesti að umsækjandi væri ekki haldinn sjúkdómi sem hindraði að dagforeldri gæti starfað með börnum. Þá þyrfti að koma fram í vottorðinu að aðrir heimilismenn hefðu verið skoðaðir og að ekkert athugasvert hefði fundist við heilsufar þeirra sem hindraði samvistir við börn. Var um þetta vísað til 3. tölulíðar 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. nr. 907/2005.

Stefnandi andmælti þessum skilningi en lagði síðar fram uppfært læknisvottorð frá fyrrnefndum lækni, sem var efnislega hið sama og hið fyrra vottorð, þar á meðal umfjöllun um að inn á milli komi dagar þar sem hún geti ekki sinnt starfi en sé „vel vinnufær inn á milli“, þó þannig að búið var að bæta inn setningunni „Ekkert sem mælir gegn því að [stefnandi] starfi með börnum.“

Stefndi ritaði stefnanda bréf, dags. 10. september 2020, þar sem athugasemd var gerð við vottorðið og vísaði til fyrri samskipta um áskilnað til slíks vottorðs. Tekið var fram að barnagæsla væri í eðli sínu starf sem krefðist fullrar starfshæfni dag eftir dag og því ómögulegt að sinna starfinu ef viðkomandi hefði takmarkaða starfshæfni sem virtist misjöfn milli daga. Þar sem framkomið vottorð fæli ekki í sér fullnægjandi staðfestingu þess að ekki hefðu fundist merki um sjúkdóm sem hindraði að umsækjandi tæki að sér daggæslu væri ráðgert að synja beiðni stefnanda. Var stefnanda boðið að koma á framfæri sjónarmiðum sínum vegna þessa.

Stefnandi svaraði stefnda með bréfi, dags. 18. september 2020. Þar kom fram að skilyrði 13. gr. umræddrar reglugerðar ættu við um veitingu starfsleyfis en um endurnýjun færi eftir 14. gr. sömu reglugerðar. Stefnandi lýsti efasemdum um að heimilt væri að óska eftir nýju læknisvottorði.

Með tölvubréfi lögmanns stefnanda 10. nóvember til stefnda fylgdi skjáskot af samskiptum stefnanda við þann lækni sem undirritaði fyrrgreint vottorð. Af þeim verður ráðið að lækningurinn spurði stefnanda 13. ágúst 2020 hvort hún væri 100% vinnufær, en stefnandi svaraði samdægurs með eftirfarandi orðum: „Nei alls ekki.“

Við tóku bréfaskipti málsaðila um margra mánaða skeið og tjáði stefndi stefnanda að til stæði að synja beiðni hennar. Síðar var stefnanda tjáð að með vísan til meðalhófs væri skóla- og frístundasvið stefnda reiðubúið að bjóða stefnanda að leita til trúnaðarlæknis stefnda til að leggja mat á starfshæfni stefnanda, sbr. bréf stefnanda, dags. 13. janúar 2021. Eftir enn frekari samskipti framkvæmdi

trúnaðarlæknir skóla- og frístundasviðs stefnda loks slíkt mat. Komst hann að þeirri niðurstöðu að ekki væru merki um sjúkdóm sem hindrað gæti að stefnandi tæki að sér barnagæslu, sbr. vottorð, dags. 18. mars 2021. Gaf stefndi þá út nýtt leyfi til stefnanda til daggæslu barna í heimahúsi, dags. 6. apríl 2021.

Í málinu liggur fyrir annað læknisvottorð frá E heimilislækni, dags. 11. maí 2021, sem stefnandi hafði sjálf aflað í tengslum við umsókn um sjúkradagpeninga, en þar er stefnandi sögð óvinnufær með öllu á tímabilinu 21. mars 2020 til 31. maí 2021, þ.e. um lengra tímabil en sem nemur öllu fyrrgreindu umsóknarferli stefnanda vegna endurnýjunar á starfsleyfi.

Þess skal getið að í aðdraganda fyrrgreinds bótauppgjors í október 2023 hafði verið aflað matsgerðar G bæklunarskurðlæknis og H lögmans, dags. 26. júní 2023, um tjón stefnanda af völdum fyrrnefndrar árásar sem stefnandi varð fyrir. Í þeirri matsgerð er haft eftir stefnanda að hún hafi fengið endurnýjað starfsleyfi sem dagforeldri í apríl 2021. Því næst segir: „Hún segi það einungis hafa verið réttlætismál í hennar huga, hún telji ljóst að hún muni aldrei geta starfað aftur sem dagforeldri.“ Fyrr í matsgerðinni er fjallað um heilsufar stefnanda fyrir árásina og haft eftir henni að hún hafi verið „fær í flestan sjó“ og getað sinnt starfi sínu sem stuðningsfulltrúi „með góðu móti“.

D

Að gengnum áður nefndum dómi Landsréttar krafðist stefnandi skaðabóta úr hendi stefnda með bréfi lögmans stefnanda, dags. 20. júní 2021. Þar var sett fram kröfufjárhæðin 78.985.193 krónur sem byggðist að sögn stefnanda á útreikningum KPMG. Stefndi féllst ekki á kröfuna.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda að nýju kröfubréf, dags. 30. nóvember 2022, þar sem krafa stefnanda var lækkuð, að sögn stefnanda í því skyni að leitast við að ná stefnda að samningaborðinu. Var þá krafist greiðslu að fjárhæð 4.917.317 krónur. Sættir tókust ekki í kjölfarið og hefur stefnandi því höfðað mál þetta. Upphaflegur höfuðstóll aðalkröfu stefnanda nam þá 129.149.360 krónum. Vísaði stefnandi um útreikninga að baki kröfunni til yfirferðar og aðstoðar Þjónustustofunnar ehf.

Undir rekstri málsins aflaði stefnandi matsgerðar dómkvadds matsmanns um ætlað tjón sitt. Nánar tiltekið skyldi I tryggingastærðfræðingur, sem dómkvaddur var sem matsmaður, svara eftirfarandi fjórum spurningum:

- „1. Þess er óskað að matsmaður meti sjálfstætt og gefi rökstutt álit á hvert hann telji hafa verið tjón eða tekjumissi] matsbeiðanda vegna þeirrar háttsemi matsþola, sem viðurkennt var með dómi Landsréttar [...], að matsþoli beri skaðabótaábyrgð á gagnvart matsbeiðanda.
2. Þá er þess óskað að matsmaður skoði og meti skýrslu Þjónustustofunnar ehf., sbr. dómskjal 18 og 19, og gefi álit á því hvort þær og niðurstöður þeirra gefi raunhæfa mynd af tjóni eða tekjumissi matsbeiðanda til starfsæviloka (70 ára).
3. Sé svarið við spurningu 2 að ofan á þá leið að útreikningar Þjónustustofunnar ehf., sbr. dómskjöl nr. 18 og 19 gefi ekki raunhæfa mynd af tjóni eða hagnaðarmissi matsbeiðanda til starfsæviloka (70 ára) er þess óskað að matsmaður skoði, meti og gefi álit á hvert ætlað tjón eða tekjumissir matsbeiðanda væri að mati matsmanns til starfsæviloka (70 ára).
4. Eins er þess óskað að matsmaður skoði, meti og gefi álit á hvert ætlað tjón eða tekjumissir matsbeiðanda hafi verið á tímabilinu 5. febrúar 2019 þar til hún lenti í vinnuslysi þann 21. mars 2020, svo sem matsbeiðandi rökstyður í stefnu og telur vera kr. 4.670.536.“

Í matsgerð segir að umdeilanlegt kunni að vera hvort stefnandi hefði með öðrum viðbrögðum getað átt afturkvæmt í starf dagforeldris, en hún telji sjálf svo ekki vera. Þetta atriði sé lagt í mat dómsins. Rakið er að matsmaður hafi talið rétt að notast við reiknireglur skaðabótalaga nr. 50/1993 með vissum frávikum vegna sérstakra aðstæðna. Öruggasta viðmiðun um tekjur stefnanda í febrúar 2019 sé skattframtal hennar vegna tekna ársins 2018, en það ár hefði hún verið í fullu starfi sem dagforeldri. Stefnandi hefði

verið með fimm börn í vistun, en eitt þeirra hefði verið barnabarn hennar. Síðan setur matsmaður fram útreikninga sína, ýmist miðað við starfslok stefnanda við 67 ára aldur eða 70 ára aldur. Nánar er vikið að matsgerðinni síðar eftir því sem tilefni er til.

Eftir að matsgerð lá fyrir lækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar úr 129.149.360 krónum í 21.935.902 krónur í þinghaldi 28. nóvember 2024, en sú fjárhæð miðast við svar matsmanns við matsspurningu 3 þar sem miðað var tekjur til 70 ára aldurs og 4,5% afvöxtun. Þess skal getið að í matsgerð eru tölur um tekjur settar fram án tillits til skattlagningar, eins og dómkvaddur matsmaður staðfesti í skýrslu sinni fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi og dómkvaddur matsmaður.

II

Stefnandi byggir á því að hún hafi orðið fyrir fjártjóni sem stefndi beri ábyrgð á á grundvelli hinnar almennu sakarreglu. Stefnandi hafi verið svipt tekjuöflunarhæfi sínu með ólögmætum og saknæmum hætti. Stefnandi hafi af þessari ástæðu beðið mikið fjártjón. Uppfyllt séu skilyrði almennu sakarreglunnar um orsakasamband og skilyrði um sennilega afleiðingu, enda hafi það verið staðfest með áður nefndum dómi Landsréttar í máli nr. 243/2021.

Ákvörðun stefnda um sviptingu starfsleyfis hafi verið ólögmæt og saknæm eins og niðurstaða Landsréttar staðfesti. Jafnframt sé byggt á því að stefndi hafi brotið gegn skýrum ákvæðum reglugerðar nr. 907/2005, reglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um málshraða, andmælarétt og meðalhóf og gegn stjórnarskrárvörðum rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs og atvinnufrelsis, sbr. 71. og 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Stefnandi hafi þegar orðið af tekjum, sem hún ella hefði haft, ef ekki hefði komið til hinnar ólögmætu og saknæmu háttsemi stefnda að svipta hana starfsleyfi. Þá hafi stefnandi orðið fyrir fjártjóni vegna missis tekna það sem eftir lifi starfsævi hennar með því að hún eigi ekki afturkvæmt í starf dagforeldris, annars vegar vegna þess að háttsemi stefnda hafi leitt til þess að hún eigi þess engan kost að hefja störf að nýju sem dagforeldri þar sem ekkert foreldri vilji færa barn sitt til dagsgæslu hjá aðila sem sviptur hefur verið starfsleyfi, þótt um skamma hríð hafi verið, en hins vegar vegna þess að háttsemi stefnda hafi leitt af sér slíka röskun á andlegu atgervi stefnanda að hún eigi ekki afturkvæmt til starfans. Þá sé til þess vísað að stefndi hafi með ólögmætum hætti neitað að endurnýja starfsleyfi stefnanda í ágúst 2020 og hafi hún þannig verið starfsleyfislaus í um átta mánuði. Ljóst megi vera að ólögmæt höfnun stefnda á að endurnýja starfsleyfið og þau samskipti sem átt hafi sér stað þar að lútandi auki mjög á tjón stefnanda.

Bótakrafa stefnanda byggist þá á því að stefndi hafi með ólögmætum hætti svipt hana starfsleyfi. Þannig liggi fyrir að bótaskylda er til staðar. Að auki byggir stefnandi á því að um verulega viðkvæma starfsemi sé að ræða þar sem aðili sem sviptur hafi verið starfsleyfi eigi erfitt um vik að snúa aftur og í raun sé það útilokað. Um sé að ræða starf þar sem viðkomandi sé að gæta barna og auðsýnt að starfsferill og æra þurfi að vera áfalla- og flekklaus með öllu. Þá telji stefnandi að framkoma og þær aðferðir sem stefndi hafi beitt við sviptinguna og aðdragandann að henni séu verulega ámælisverðar og hafi haft í för með sér að hún telji sig aukinheldur ekki eiga afturkvæmt í starf dagforeldris. Foreldrar sem hafi verið með börn í dagvistun hjá henni hafi verið látnir vita ítrekað að til stæði að svipta hana starfsleyfi og á endanum hafi stefndi tekið börnin úr vistun hjá stefnanda og komið fyrir á leikskólum. Það hafi haft í för með sér mikinn álitshnekki fyrir stefnanda en bæði foreldrum, fjölmörgum starfsmönnum borgarinnar sem hafi verið málið algjörlega óviðkomandi sem og starfsfólki leikskólasviðs borgarinnar, sérstaklega þeirra leikskóla sem hafi tekið við börnum frá stefnanda, hafi verið ljóst að hún hafi verið svipt starfsleyfi vegna aðbúnaðar og meintrar vanhæfni. Stefnandi sem sé menntaður forvarnarráðgjafi hafði starfað sem daggæsluforeldri með starfsleyfi frá stefnda allt frá því árið 1998, eða í 21 ár, þar af í tíu ár í núverandi húsnæði, án þess að hafa fengið eina kvörtun eða aðfinnslu um störf sín. Stefnandi hafi virt hæfi, menntun og farsælan feril stefnanda að vettugi og farið fram með harkalega og þarflausu sviptingu á starfsleyfi hennar. Með því að halda því fram að stefnandi gætti ekki að öryggi barna í hennar umsjá var vegið með grafalvarlegum hætti að starfsheiðri hennar og æru. Samkvæmt gögnum málsins liggi fyrir að mikill fjöldi starfsmanna stefnda sem ekkert höfðu með málið að gera kom að því fyrir tilstilli og að beiðni stefnda og

hafi það aukið mjög á orðsporstjón stefnanda og möguleika hennar að snúa aftur í fyrra starf. Málið hafi þannig ratað á borð a.m.k. 15 aðila, þriggja leikskóla í Reykjavík, þjónustumiðstöðvar [...], [...], þjónustumiðstöðvar [...], og auðvitað foreldra þeirra barna sem vistuð hafi verið hjá stefnanda. Málið hafi þannig farið víða í stjórnkerfinu og samfélaginu algjörlega að óþörfu, enda hafi ákvörðuninni verið breytt og starfsleyfið gefið út að nýju til stefnanda þremur dögum eftir að svipting fór fram. Vegna málsins hafi stefnandi ítrekað leitað til lækna og sálfræðinga og byggist kröfur hennar meðal annars á því sem komi fram í vottorðum þeirra. Stefnandi hafi verið metin óvinnufær enda hafi hún í fimm mánuði þurft að verjast ágangi og hótunum stefnda um tímabundna sviptingu ef hún ekki hleypti óviðkomandi aðilum inn á heimili sitt eða bætti úr aðbúnaði stiga sem ljóst var að ekkert var að. Hún hafi upplifað að hún hefði tapað æru sinni með öllu og þar með starfsþreki. Eftir að stefnandi hafi fengið starfsleyfið aftur í hendur hafi henni orðið ljóst að hún ætti ekki afturkvæmt heilsu sinnar vegna og fyrir þær sakir sem áður hefur verið rakið, að um verulega viðkvæma starfsemi er að ræða. Háttsemi stefnda hafi því í raun leitt af sér slíka áfallastreituröskun hjá stefnanda að hún geti ekki lengur annast daggæslu barna. Bótakrafan byggir sömuleiðis á því að stefndi hafi með ólögnum hætti neitað að endurnýja starfsleyfi hennar í ágúst 2020 þrátt fyrir að hún hafi skilað nauðsynlegum gögnum samkvæmt reglugerð nr. 907/2005.

Stefnandi hafi orðið fyrir miklu andlegu tjóni, álitshnekki í starfi og tekjutapi, enda svipt tekjuöflunarhæfi sínu með ómálefnalegum og ómaklegum hætti, andstætt reglugerð nr. 907/2005, stjórnsýslulögum og stjórnarskrárvörðum rétti hennar til að stunda atvinnu, sbr. 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Ljóst sé að tekjutap stefnanda sé umtalsvert en eftir 21 ár í starfi hafi hún mátt vænta þess að halda starfi sínu til loka starfsævi sinnar. Framkoma stefnda gagnvart stefnanda, auk þess hvernig staðið hafi verið að sviptingu á starfsleyfi stefnanda, hafi verið til þess fallin að girða fyrir að stefnandi ætti afturkvæmt í sama starf. Starf daggæsluforeldris byggist alfarið á trausti.

Stefnandi byggir þannig á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á fjártjóni hennar af völdum ákvörðunar um tímabundna sviptingu á starfsleyfi og meðferðar málsins fram að því sem hafi staðið í tæplega fimm mánuði. Byggt sé á almennu skaðabótareglunni vegna ólögmetrar og illa ígrundaðrar sviptingar á starfsleyfinu. Byggt sé þá á því að stefndi beri bótaábyrgð vegna synjunar á endurnýjun starfsleyfis stefnanda í ágúst 2020. Er sömuleiðis byggt á dómi Landsréttar sem staðfest hafi að um ólögmetra sviptingu starfsleyfis stefnanda hafi verið að ræða. Stefnda beri að bæta stefnanda tjón hennar að fullu.

Loks verði að hafa í huga aldur stefnanda, menntun og starfsreynslu en ljóst megi vera að atvinnumöguleikar 53 ára gamallar konu, þegar svipting átti sér stað, séu takmarkaðir, sér í lagi þegar hún hefur fundið sig knúna til þess að breyta um starfsvettvang enda sé það ekki til bóta við atvinnuleit að hafa verið svipt starfsleyfi vegna vanrækslu.

Verði ekki fallist á að stefnda beri að greiða stefnanda bætur vegna launataps allt til 70 ára, þ.e. starfslokaaldurs, sé þess krafist að dómurinn líti til tveggja eftirfarandi tímabila þar sem stefnandi hafi orðið af tekjum vegna athafna stefnda.

Annars vegar hafi stefnandi orðið af tekjum að fjárhæð 4.917.317 krónur á tímabilinu 5. febrúar 2019 til 21. mars 2020. Byggt sé á því að stefnandi hafi orðið af tekjum vegna starfsleyfissviptingarinnar allt frá sviptingardegnum þann 5. febrúar 2019 þar til hún lenti í vinnuslysi 21. mars 2020. Stefnandi hafi tekið að sér vinnu á sambýli á vegum stefnda, Reykjavíkurborgar, í þeim tilgangi að takmarka tjón sitt eins og kostur hafi verið eftir sviptinguna. Samhengis vegna skuli tekið fram að mikill munur sé á starfi dagforeldris og starfsmanns á sambýli. Á sambýlinu hafi stefnandi getað stýrt vinnutíma sínum eftir því hvað starfsorka hennar leyfði hverju sinni, hún hafi getað hringt sig inn veika eða óstarfshæfa ef dagurinn reyndist henni ofviða eftir að svipting hefði farið fram. Dagforeldri geti ekki ákveðið að vera mikið frá vinnu á sömu forsendum. Á árinu 2019 hafi stefnandi fengið greiddar samtals 747.657 krónur frá Reykjavíkurborg vegna reksturs daggæslu barna. Á árinu 2020 hafi stefnandi engar greiðslur fengið frá Reykjavíkurborg vegna reksturs daggæslu barna enda hafi hana skort starfsþrek. Þá hafi stefnandi fengið greiddar frá Reykjavíkurborg vegna reksturs daggæslu barna samtals 4.531.979 krónur á árinu 2018. Af því leiði að stefnandi hafi orðið af tekjum að fjárhæð 3.784.322 krónur á árinu 2019 og 4.531.979 krónur á árinu 2020, allt samkvæmt rekstrarskýrslum sem liggja fyrir. Stefnandi hafi lent í vinnuslysi 21. mars

2020 eins og áður hafi komið fram og sé því gerð krafa um meðallaun miðað við árið 2018 vegna þriggja mánaða 2020, samtals 1.132.995 krónur (377.665 fyrir hvern mánuð). Stefnandi hafi leitast við að takmarka tjón sitt eins og hún hafi getað með því að takast á hendur afleysingarstarf hjá [...] undir lok árs 2019 og fengið greidda 246.781 krónu en svo ekki haft þrek í frekari vinnu þar og ekki hafi henni staðið til boða fastráðning. Komi sú upphæð því til frádráttar kröfum stefnanda. Samtals sé krafa stefnanda vegna þessa að fjárhæð. 4.670.536 krónur verði ekki fallist á aðalkröfu hennar að fullu. Samhengis vegna megi koma fram að stefnandi hefði aldrei lent í slysinu/árásinni ef hún hefði ekki verið knúin til að skipta um starfsvettvang og taka að sér starf á sambýlinu.

Hins vegar sé þess krafist að litið verði til þess að stefndi hafi neitað, gegn betri vitund og með ólögumætum hætti, að endurnýja starfsleyfi stefnanda í ágúst 2020 og hafi stefnandi því ekki getað starfað sem dagmóðir fyrir tilstuðlan stefnda frá og með september 2020 til og með apríl 2021. Tekjutap á þessu tímabili nemi 2.810.464 krónum, en samkvæmt ofangreindu hafi stefnandi haft 351.308 krónur á mánuði árið 2019 fyrir fimm börn, sem ætla megi að hún hefði haldið að lágmarki að óbreyttu. Geri það 351.308 krónur á mánuði í þá átta mánuði sem stefndi hafi neitað að endurnýja starfsleyfi stefnanda, samtals 2.810.464 krónur. Þessi þáttur kröfunnar sé tilkominn vegna atvika sem átt hafi sér stað eftir að stefnandi höfðaði hið fyrra dómsmál sitt gegn stefnda.

Krefjist stefnandi því að henni verði dæmdar bætur að fjárhæð 7.481.000 krónur vegna ofangreinds ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og sé í því sambandi vísað til 4. mgr. 5. gr. sömu laga. Rúmist bæði tímabil innan aðalkröfu, enda um að ræða lægri kröfu og fyrir mun styttra tímabil.

Í öllum tilfellum sé krafan sett fram stefnda verulega til hagsbóta enda er ekki tekið tillit til móttframlags frá foreldrum barna, vistaðra í daggæslunni, eins og áður segir. Þá sé ljóst að á árinu 2020 sneri stefnandi aftur til starfa, þ.e. á sambýli, og takmarkaði þannig tjón sitt verulega en þó með þeim afleiðingum að vistmaður réðist á hana og hún hafi verið óvinnufær með öllu í kjölfar þess.

Verði ekki fallist á þær forsendur sem stefnandi byggir aðalkröfu sína á sé gerð krafa um að dómurinn ákveði henni hæfilegar skaðabætur úr höndum stefnda að álitum. Byggt sé á því að vegna þess að örðugt eða útilokað er fyrir stefnanda að sýna fram á nákvæmt umfang fjártjóns síns hafi dómstólar heimild til þess að dæma henni bætur að álitum í samræmi við dómaframkvæmd. Í þessu sambandi sé sérstaklega vísað til þess að með dómi Landsréttar hafi því verið slegið föstu að stefnandi hefði leitt að því nægar líkur að hún hefði orðið fyrir tjóni vegna háttsemi stefnda. Af þeirri ástæðu beri enn fremur að slaka á sönnunarkröfum til stefnanda um að hún sýni nákvæmlega fram á fjártjón sitt og dæma bætur að álitum. Telji stefnandi það vera í samræmi við þau sjónarmið í skaðabótarétti að þegar sönnunarstaða sé almennt erfið og búið að sanna brot sé slakað á kröfum um sönnun fjártjóns.

III

Stefndi mótmælir því alfarið að stefnandi hafi ekki getað tekið að sér börn í daggæslu. Þess í stað hafi stefnandi kosið að gera það ekki og meðal annars komið í veg fyrir eftirspurn með því að óska eftir því að öll pláss væru skráð full hjá henni á vefsíðu yfir dagforeldra sem stefndi haldi úti. Staðhæfingum um að stefnandi hafi ekki átt afturkvæmt í starf dagforeldris sé þannig alfarið mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi verið vel starfshæf þar sem hún hafi undirritað ráðningarsamning við stefnda um starf stuðningsfulltrúa í búsetukjarna fyrir fatlað fólk, 20. febrúar 2019 og fram komi í honum að hún hafi hafið störf hinn 11. febrúar 2019, þ.e. þremur dögum eftir að hinni tímabundnu sviptingu var aflétt. Fyrir liggi að stefnandi hafi starfað af og til sem stuðningsfulltrúi í umræddum búsetukjarna allt frá 2011.

Málatilbúnaður stefnanda byggir að hluta til á dómi Landsréttar í máli nr. 243/2021 þar sem viðurkennd hafi verið bótaskylda vegna hinnar tímabundnu starfsleyfissviptingar. Eftir standi að með öllu sé ósannað að stefnandi hafi í umrætt sinn orðið fyrir tjóni og ef svo er, þá hvert umfang tjónsins sé. Þá telji stefndi ljóst að stefnandi hafi einungis að takmörkuðu leyti sinnt tjónstakmörkunarskyldu sinni.

Í máli þessu sé gerð krafa um skaðabætur og sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda samkvæmt meginreglum einkamálaréttarfars. Stefndi mótmæli öllum málsástæðum stefnanda.

Málatilbúnaður stefnanda byggir á tveimur alls ótengdum málum. Í málinu varðandi tímabundna sviptingu starfsleyfis liggir fyrir viðurkenningardómur Landsréttar í máli nr. 243/2021 en stefnandi þurfi að sanna önnur skilyrði bótaskyldu, þar á meðal að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Í málinu varðandi meintar tafir á endurnýjun starfsleyfis hvíli á stefnanda að sanna hvort tveggja, að bótaskylda sé til staðar og að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni.

Málatilbúnaður stefnanda sé ekki í samræmi við meginregluna um ákveðna og ljósa kröfugerð og í stefnu sé erfitt að greina þær málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á. Ekki sé í málinu gerð krafa um frávisun og stefndi leggi það í mat dómsins hvort vísa þurfa málinu frá án kröfu.

Hvað nánar varði kröfu stefnda um sýknu af bótakröfu vegna tímabundinnar sviptingar starfsleyfis vísi stefndi til þess að með dómi Landsréttar í máli nr. 243/2021 hafi verið viðurkennd bótaskylda stefnda gagnvart stefnanda vegna þriggja daga tímabundinnar sviptingar starfsleyfis. Landsréttur hafi talið að leiddar hafi verið að því nægar líkur að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni. Í dómi Landsréttar sé þó einnig skýrt tekið fram að stefnandi hefði sjálf á fyrri stigum getað komið í veg fyrir leyfissviptinguna með að veita strax upplýsingar um tilvist útdraganlegs hliðs. Í dómi Landsréttar sé því leyfissviptingin sjálf talin ólögum vegna formgalla á samþykktum stefnda, sem nú hafi verið lagfærður, en á sama tíma sé ljóst af forsendum dómsins að framkoma stefnanda um margra mánaða skeið, þar sem hún veitti ekki nauðsynlegar upplýsingar og neitaði stefnda um að framkvæma lögboðið eftirlit, hafi orðið til þess að grípa þurfti til leyfissviptingar. Verndarandlagið sem starfsmönnum stefnda sé lögum samkvæmt falið að hafa eftirlit með hafi verið öryggi ómálga barna.

Óumdeilt sé að á þessum þremur dögum sem leyfissviptingin varði hafi þeim fimm börnum sem hafi haft pláss hjá stefnanda verið fundin önnur dagsvistunarpláss. Því liggir fyrir að hefði stefnandi kosið að hefja störf um leið og hún fékk starfsleyfið að nýju hefði hún verið með laus pláss sem hefði þurft að fylla. Slíkt hefði getað leitt til þess að tímabil hefði myndast þar sem stefnandi væri með minni tekjur og á grundvelli dóms Landsréttar hefði stefnda borið að bæta stefnanda slíkt tjón. Hins vegar liggir einnig fyrir í málinu og sé óumdeilt að stefnandi hafi ekki óskað eftir því að fylla þessi dagvistunarpláss. Lögum samkvæmt hvíli á stefnanda skylda til að takmarka tjón sitt og stefnandi mætti ekki þeirri skyldu.

Í stefnu beri stefnandi því við að hún hafi orðið fyrir fjártjóni vegna missis tekna það sem eftir lifir af starfsævi hennar með því að hún eigi ekki afturkvæmt í starf dagforeldris, annars vegar vegna þess að háttsemi stefnda hafi leitt til þess að hún eigi þess engan kost að hefja störf að nýju þar sem ekkert foreldri vilji færa barn sitt til daggæslu hjá aðila sem sviptur hafi verið starfsleyfi, þó að um skamma hríð hafi verið, en hins vegar vegna þess að háttsemi stefnda hafi leitt af sér slíka röskun á andlegu atgervi stefnanda að hún eigi ekki afturkvæmt til starfans. Stefndi hafni framangreindu sem röngu, órökstuddu og algjörlega ósönnuðu.

Þannig liggir ekkert fyrir um að stefnandi hafi ekki auðveldlega getað fyllt dagvistunarplássin ef hún hefði óskað þess. Mikill skortur sé á dagvistunarrýmum, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, og sé það almenn vitneskja. Þá hafi stefnandi unnið sem dagforeldri um langt skeið við góðan orðstír að eigin sögn og lagt meðal annars fram umsagnir foreldra og leitt þau sem vitni við aðalmeðferð í hinu fyrra dómsmáli sínu, þ.e. nr. E-2035/2020. Foreldrarnir hafi aðspurðir kvaðst geta gefið stefnanda meðmæli sín. Stefnandi hafi því í engu rökstutt eða fært sönnur fyrir þeirri fullyrðingu sinni að skortur hafi verið á eftirspurn eftir dagvistunarplássunum.

Þá séu þær fullyrðingar stefnanda að hún hafi orðið fyrir fjártjóni vegna missis tekna út starfsævina og að hún eigi ekki afturkvæmt í starf dagforeldis vegna röskunar á andlegu atgervi engum gögnum studdar. Fyrir liggir stuttort læknisvottorð frá E heimilislækni, dags. 8. október 2019, þar sem haft sé eftir stefnanda að hún eigi við andlega vanlíðan og svefnleysi að etja, sem stefnandi reki til tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi, en ekki liggir fyrir nokkurt mat á því að svo sé. Þá liggir heldur ekki fyrir mat á því að stefnandi hafi við sviptinguna orðið fyrir nokkurri skerðingu á starfsorku, hvað þá slíkum missi að réttlæti kröfu um allar tekjur fram að 70 ára aldri, auk þess sem stefndi mótmæli því að slíkur meintur algjör skortur á starfshæfni til enda starfsævi geti talist sennileg afleiðing eða verið í orsakatengslum við þriggja daga tímabundna starfsleyfissviptingu. Í stefnu sé á því byggt að í viðurkenningardómi Landsréttar í máli nr. 243/2021 hafi einnig falist viðurkenning á að uppfyllt væru

skilyrði um orsakasamband og sennilega afleiðingu. Þessu mótmæli stefndi harðlega enda hafi einungis falist í dómi Landsréttar viðurkenning á ólögmati hinnar tímabundnu sviptingar á þeim grunni að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hafi ekki verið framselt vald til hennar með fullnægjandi hætti í samþykktum stefnda. Í dómi Landsréttar hafi engin afstaða verið tekin til þess hvort tjón hafi orðið, hvað þá til þess hvort meint tjón væri sennileg afleiðing af hinni ólögmatu háttsemi eða í orsakatengslum við hana.

Ekkert í gögnum málsins styðji að stefnandi hafi í febrúar 2019 verið óstarfhæf og raunar þvert á móti, sbr. áður nefndan ráðningarsamning við stefnda, undirritaðan 20. febrúar 2019, en stefnandi hafi þá þegar hafið störf að nýju sem stuðningsfulltrúi í fyrrgreindum búsetukjarna. Það búsetuúrræði sé fyrir umönnunarpungt þroskahamlað og/eða einhverft fólk með alvarleg atferlisfrávik. Það sé því alveg ljóst að starf stuðningsfulltrúa sé verulega krefjandi starf sem stefnandi hafi augljóslega talið sig fullfæra um að sinna. Því sé ljóst að stefnandi hafi verið fær til að sinna krefjandi starfi í febrúar 2019. Þá hafi stefnandi haft gild starfsréttindi sem dagforeldri og það hafi verið hennar val að nýta þau ekki. Eins liggi fyrir að stefnandi hafi óskað eftir endurnýjun á því starfsleyfi í maí 2020, talið sig þá búa yfir fullri hæfni til að starfa sem dagforeldri og hafi fengið slíkt starfsleyfi útgefið á grundvelli læknisvottorða sem staðfestu það mat.

Varðandi þann máltilbúnað stefnanda að hún hafi eftir sviptinguna í febrúar 2019 ekki getað farið aftur í sitt fyrra starf sem dagforeldri sé einnig vísað til þess sem haft sé eftir stefnanda í matsgerð dómkvaddra matsmanna sem aflað hafi verið vegna fyrrgreindrar líkamsárásar í mars 2020. Í matsgerðinni sé haft eftir stefnanda að hún hafi ekki átt afturkvæmt út á vinnumarkað frá því sumarið eftir líkamsárásina, þ.e. sumarið 2020 og að stefnandi sé verulega ósammála því mati fyrri matsmanna að óvinnufærni hennar megi rekja til annarra heilsufarseinkenna en líkamsárásarinnar. Þá segi í matsgerðinni: „Hún áréttar að hún hafi verið fær í flestan sjó og getað sinnt starfi sínu sem stuðningsfulltrúi á sambýlinu [...] með góðu móti.“ Byggt á orðum stefnanda sjálfar liggi því fyrir að starfsfærni og orka stefnanda hafi verið góð eftir hina tímabundnu leyfissviptingu og allt fram til þess að hún hafi orðið fyrir líkamsárás í mars 2020.

Mikillar þversagnar gæti í máltilbúnaði stefnanda. Því sé annars vegar haldið fram að stefnandi hafi ekki getað starfað sem dagforeldri frá febrúar 2019 og allt til 70 ára aldurs en hins vegar haldið fram að ekkert hafi getað staðið í vegi fyrir endurnýjun á slíku starfsleyfi þar sem stefnandi hafi með framvísun læknisvottorðs sýnt fram á að hún uppfyllti öll skilyrði til starfans. Þá liggi fyrir læknisvottorð, dags. 26. ágúst 2019, þar sem fram komi að stefnandi sé óvinnufær frá maí 2019 og sé enn óvinnufær þann 26. ágúst 2019 en í læknisvottorðinu er í engu getið hvað valdi þessari óvinnufærni að mati læknis. Þó liggi fyrir að stefnandi hafi á þessu tímabili verið að sinna starfi sínu í fyrrnefndu búsetuúrræði og auk þess rekið á umræddu tímabili sumarþúðir fyrir fatlað fólk í [...], þar sem pláss hafi verið fyrir fimm einstaklinga. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi farið í valkvæða skurðaðgerð í apríl 2019 og megi ætla að stefnandi hafi verið óvinnufær vegna þeirrar aðgerðar um tíma en þess sé hvergi getið í vottorðum læknisins.

Þá vekji það athygli stefnda að 15. febrúar 2021 skrifi læknirinn sjúkradagpeningavottorð fyrir stefnanda þar sem stefnandi sé sögð óvinnufær frá líkamsárásinni í búsetukjarnanum 21. mars 2020 til 15. maí 2021 en á þessu tímabili skili sami læknir sérstöku læknisvottorði vegna umsóknar um endurútgáfu dagvistunarleyfis, dags. 25. maí 2020, þar sem læknirinn segi að það komi dagar þar sem stefnandi geti ekki sinnt starfi en sé vel vinnufær inn á milli. Þá bæti læknirinn við vottorðið í ágúst 2020 setningunni: „Ekkert sem mælir gegn því að [stefnandi] starfi með börnum.“ Stefndi telji skjóta skökku við að stefnandi hafi af sama lækninum verið talin hvort tveggja í senn, óvinnufær og fullfær til að starfa sem dagforeldri.

Í stefnu sé að finna ýmsar staðhæfingar sem stefndi mótmæli harðlega. Þannig mótmæli stefndi til að mynda eftirfarandi staðhæfingum sem röngum og ósönnuðum.

Í fyrsta lagi sé því mótmælt að málið hafi haft í för með sér álitshnekki fyrir stefnanda og að vegið hafi verið að starfsheiðri hennar og æru með harkalegri og þarflausri sviptingu á starfsleyfi hennar. Stefnandi hafi ekkert lagt fram sem styðji að hún hafi orðið fyrir álitshnekki eða að vegið hafi verið að starfsheiðri hennar eða æru. Þá bendi stefndi á að þegar hafi verið sýknað af kröfu stefnanda um miskabætur vegna ólögmeðrar meingerðar gegn frelsi, friði, æru eða persónu með dómi Landsréttar í máli nr. 243/2021 með þeim rökum að stefnandi hefði sjálf getað komið í veg fyrir aðgerðir stefnda með því að

veita fyrir upplýsingar um tilvist hliðs og vera til samvinnu við starfsmenn stefnda. Sú krafa stefnanda hafi því þegar verið til lykta leidd fyrir dómstólum.

Í öðru lagi sé því mótmælt að framkoma og þær aðferðir sem stefndi hafi beitt við sviptinguna og aðdragandann að henni hafi verið verulega ámælisverðar. Stefndi telji þvert á móti að starfsmenn skóla- og frístundasviðs hafi sýnt mikið meðalhóf þegar ítrekað hafi verið reynt að fá stefnanda til samvinnu frá september 2018 og fram til hinnar tímabundnu sviptingar í febrúar 2019. Þá hafi einnig verið gætt meðalhófs og vandaðra stjórnarsýsluhátta með því að afturkalla tafarlaust sviptinguna um leið og stefnandi hafi upplýst um hið útdraganlega hlið og heimilað eftirlitsaðila að sinna lögskyldu eftirliti. Þá ítreki stefndi að þegar hafi verið til lykta leitt með sýknu af miskabótakröfu í dómi Landsréttar í máli nr. 243/2021 að framkoma og aðgerðir starfsmanna stefnda hafi ekki verið verulega ámælisverðar.

Í þriðja lagi sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að fjölmörgum sem hafi verið málið algjörlega óviðkomandi hafi verið ljóst að hún hafi verið svipt starfsleyfinu. Þá skuli þess getið að málið hafi verið bókað í trúnaðarbók hjá skóla- og frístundasviði og nafnleyndar hafi verið gætt fyrir dómi. Þá hafi ákvörðunin varað í skamman tíma hafi hvergi verið opinber og aðeins á vitneskju þeirra foreldra, sem börn hafi átt hjá henni, en þeir hafi verið reiðubúnir að gefa henni meðmæli.

Í fjórða lagi sé því mótmælt að stefnandi hafi verið metin óvinnufær eftir að hafa þurft í fimm mánuði að verjast ágangi og hótunum stefnda um tímabundna sviptingu ef hún hleypti ekki óviðkomandi aðilum inn á heimili sitt eða bætti úr aðbúnaði stiga sem ljóst hafi verið að ekkert væri að. Stefndi mótmæli því sérstaklega að stefnandi hafi verið metin óvinnufær enda liggi ekkert slíkt mat fyrir. Þá mótmæli stefndi því að vísa til starfsmanna stefnda sem reyndu að framkvæma lögbundið eftirlit með dagvistun barna sem óviðkomandi aðila. Loks liggi fyrir og sé óumdeilt að stefnandi hafi ekki upplýst starfsmenn stefnda um útdraganlegt hlið sem varnað hafi því að börnin kæmst að stiganum fyrir en eftir að tímabundin svipting hafði átt sér stað. Fyrir hafi starfsmenn stefnda ekki getað vitað að börnunum stafaði ekki hætta af stiganum.

Í fimmta lagi sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að háttsemi stefnda hafi leitt til áfallastreituröskunar hjá stefnanda, enda liggi ekkert fyrir um áfallastreituröskun stefnda og stefndi mótmæli að slíkt gæti verið sennileg afleiðing af þriggja daga tímabundinni starfsleyfissviptingu.

Í sjötta lagi sé því mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi orðið fyrir andlegu tjóni.

Í sjöunda lagi sé því mótmælt að ákvörðun um sviptingu hafi verið tekin án þess að aðstæður væru teknar út. Stefndi vísi til framlagðra gagna og dóms Landsréttar í máli nr. 243/2021 þar sem skýrt komi fram að stefnandi hafi mánuðum saman staðið í vegi fyrir því að eftirlitsaðilar gætu tekið aðstæður í dagvistunarrými stefnda út þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir af hálfu starfsmanna stefnda.

Stefnandi hafi starfað sem dagforeldri til 5. febrúar 2019. Laun dagforeldra samanstandi af annars vegar greiðslu forsjáraðila þeirra barna sem dagvistunar njóta og hins vegar af mótframlagi sveitarfélaga. Stefndi hafi þann 1. febrúar 2019 fengið greitt mótframlag stefnda vegna dagvistunar vegna tímabilsins 1. febrúar til 28. febrúar 2019, 317.434 krónur. Fyrir liggi að vinnuskylda stefnda í febrúarmánuði hafi ekki verið innt af hendi en stefndi hafi þó ekki gert endurkröfu á hendur stefnda vegna greiðslunnar. Stefndi telji þetta skipta máli við mat á því hvort stefnandi hafi raunverulega orðið fyrir einhverju tjóni vegna hinnar tímabundnu leyfissviptingar.

Hvað nánar varði kröfu stefnda um sýknu af bótakröfu stefnda vegna meintra tafa á útgáfu starfsleyfis hafi slíkt starfsleyfi verið gefið út 6. apríl 2021 þegar nauðsynleg gögn hafi legið fyrir. Þá mótmæli stefndi því einnig að hann hafi þvert gegn betri vitund haldið starfsleyfinu frá stefnanda með ólögumætum hætti í átta mánuði. Stefndi hafi ávallt fengið skýr svör frá starfsmönnum stefnda og hafi legið fyrir strax 13. júlí 2020 að óskað væri eftir fyllri gögnum frá stefnanda. Þá sé ljóst að fyllsta meðalhófs og vandaðra stjórnarsýsluhátta hafi verið gætt við alla málavinnslu hjá stefnda og að tafir á útgáfu leyfis megi ekki síst rekja til stefnda sjálfra. Þannig hafi stefnandi ítrekað verið beðin af starfsmönnum stefnda um fyllri upplýsingar og ítarlegra lækisvottorð í samræmi við áskilnað í reglugerð nr. 907/2005, en stefnandi hafi þráast við. Skýra verði ákvæði reglugerðarinnar, þar á meðal 14. gr. hennar, með hliðsjón af efni annarra ákvæða og markmiði reglugerðarinnar.

Þá telji stefndi ljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna meintra tafa, enda ljóst að stefnandi hafi ekki á þessu tímabili starfað sem dagforeldri og engan hug haft á að starfa sem slík. Það liggja því í augum uppi að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna meintra tafa á afgreiðslu.

Meint tjón stefnanda sé með öllu ósannað.

Stefndi mótmælir því sérstaklega að aðalkrafa stefnanda vegna þriggja daga starfsleyfissviptingar í kjölfar algjörs skorts á vilja til samvinnu af hálfu stefnanda sé hófstíllt. Þá gæti misskilnings hjá stefnanda um eigin dómkröfu því af útreikningum og útskýringum sé alveg ljóst að dómkrafan hljóði upp á hvort tveggja framlag sveitarfélaga og framlag forsýraráðila.

Stefndi mótmæli sönnunargildi framlagðra útreikninga Þjónustustofunnar ehf. í heild sinni. Auk þess sé sérstaklega mótmælt sem röngu að stefnandi hafi við hina tímabundnu starfsleyfissviptingu orðið fyrir algjörum tekjumissi til enda starfsævinnar. Fyrir liggja að stefnandi hafi haldið áfram að afla sér tekna strax í febrúar 2019. Allt að einu sé ekki einu sinni gert ráð fyrir því í málatilbúnaði stefnanda að þær tekjur sem stefnandi hafi aflað sér eða hefði getað aflað sér skuli koma til frádráttar. Í stefnu séu tekjur frá [...] dregnar frá kröfu stefnanda og krafan sögð vera 4.670.536 krónur. Stefndi bendi á að á þessu tímabili, þ.e. frá febrúar 2019 til mars 2020, hafi stefnandi verið starfsmaður í áðurnefndum búsetukjarna og fengið greidd laun frá stefnda allt þetta tímabil en einhverra hluta vegna telji stefnandi ekki að þær greiðslur eigi að koma til frádráttar. Þá bendi stefndi einnig á stefnandi geri kröfu um alla niðurgreiðslu sveitarfélagsins en geri hvorki ráð fyrir skattgreiðslum af hálfu stefnanda af tekjunum né taki tillit til þess að hluti af niðurgreiðslu hefði farið í rekstrarkostnað ef dagvistun hefði verið haldið áfram.

Stefndi mótmæli kröfu stefnanda um 2.810.464 krónur, þ.e. niðurgreiðslu sveitarfélags í átta mánuði vegna meintra tafa stefnda á endurútgáfu starfsleyfis frá maí 2020 til apríl 2021. Ljóst sé enda að þær tafir sem orðið hafi á afgreiðslu séu að mestu á ábyrgð stefnanda sjálfrar sem þráaðist við að skila til stefnda umbeðnum gögnum. Eins komi fram í samskiptum hennar við starfsmann stefnda að litið yrði svo á að þáverandi starfsleyfi stefnanda gildi áfram fram að afgreiðslu. Þá sé ljóst að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, enda ekki starfandi sem dagforeldri á þessum tíma og engan hug á því. Um það vísist til þess sem haft sé eftir henni í matsgerð, að endurnýjun starfsréttinda hafi einungis verið réttlætismál þar sem ljóst sé að hún geti ekki starfað aftur sem dagforeldri vegna líkamlegs ástands hennar eftir líkamsrásarsina. Auk þess liggja fyrir samkvæmt vottorði heimilislæknis að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 21. mars 2020 til 15. maí 2021.

Stefndi mótmæli vaxtakröfu stefnanda og dráttarvaxtakröfu. Í stefnu sé gerð krafa um vexti frá 20. júlí 2022 og sé þeirri dagsetningu sérstaklega mótmælt, enda ljóst að kröfubréf það sem sú dagsetning byggir á hafi haft að geyma allt aðra kröfu en dómkröfur í stefnu. Ef til þess komi að dæmdar verði bætur sé mótmælt dráttarvöxtum fyrir en frá dómsuppsögudegi.

IV

A

Fyrir liggur dómur Landsréttar í máli nr. 243/2021 um það að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögmdæta háttsemi með þeirri ákvörðun sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stefnda að svipta stefnanda tímabundið starfsleyfi 5. febrúar 2019 þar sem sviðsstjórnann hafi skort heimild til að taka slíka ákvörðun. Með þessum dómi Landsréttar hafa málsatvik skýrst verulega, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Eftir sem áður deila aðilar nú um það hvort stefnandi hafi í reynd orðið fyrir tjóni og eftir atvikum um umfang slíks tjóns. Auk þess byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki sinnt þeirri skyldu að takmarka tjón sitt.

Af hálfu stefnda er ekki krafist frávísunar en þó er byggt á því að málatilbúnaður stefnanda sé ekki í samræmi við meginregluna um ákveðna og ljósa kröfugerð og að erfitt sé að greina í stefnu þær málsástæður sem stefnandi byggir málsókn sína á. Að mati dómsins er framsetning á málatilbúnaði stefnanda ekki eins skýr og æskilegt væri. Þessi atriði eru þó ekki þess eðlis að varðað geti frávísun málsins án kröfu.

B

Með aðalkröfu sinni krefst stefnandi skaðabóta vegna fjárhagslegs tjóns af völdum ákvörðunar stefnda um tímabundna sviptingu starfsleyfis sem varði, sem fyrr segir, í þrjá daga. Miðar stefnandi aðalkröfu sína við að þetta valdi henni tjóni út starfsævina, þ.e. til 70 ára aldurs, en hún var tæplega 53 ára gömul þegar fyrrgreind svipting starfsleyfis var ákveðin.

Ekki verður um það deilt að sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stefnda skorti heimild til að taka ákvörðun um hina tímabundnu leyfissviptingu og taldist hún því saknæm og ólögmæt, sbr. áður nefndan dóm Landsréttar. Stefnandi ber eftir sem áður sönnunarbyrðina fyrir því að hún hafi orðið fyrir tjóni sem og umfangi þess.

Gegn mótmælum stefnda telst ósannað að stefnandi hafi með ólögmætri ákvörðun stefnda, sem stóð einungis í þrjá daga, verið svipt tækifærinu til að starfa sem dagmóðir það sem eftir lifir af starfsævi hennar. Nánar tiltekið er ósannað að ekkert foreldri hafi viljað færa barn sitt til daggæslu hjá stefnanda þannig að henni hafi í raun verið ómögulegt að hefja aftur störf. Raunar liggja fyrir í málinu tölvubréf og yfirlýsingar frá foreldrum þeirra barna sem stefnandi gætti, en ekki verður annað ráðið af þeim en að foreldrar hafi áfram borið mikið traust til stefnanda sem dagforeldris. Á sömu leið báru foreldrar fyrir dómi í héraði í hinu fyrra dómsmáli sem rekið var milli málsaðila og sögðust þeir veita stefnanda meðmæli sín, sbr. fyrirbyggjandi endurrit þessara vitnaskýrlna. Við framangreindri niðurstöðu hróflar ekki skoðanakönnun stefnanda sem hún aflaði einhliða og var unnin á samfélagsmiðlinum Facebook. Hið sama á við um almennar vangaveltur þriggja nafngreindra dagforeldra um áhrif samfélagsmiðla á störf dagforeldra sem birtast í tölvubréfum sem stefnandi lagði fram í málinu. Loks er haldlaus með öllu málatilbúnaður stefnanda um að málið hafi farið víða í stjórnkerfinu og samfélaginu þannig að þýðingu hafi við úrlausn málsins.

Að sama skapi telst gegn andmælum stefnda ósannað að slíka röskun á andlegu atgervi stefnanda hafi leitt af ólögmætri háttsemi stefnda að stefnandi eigi ekki afturkvæmt til starfans. Stefnanda hefði verið í lófa lagið að afla matsgerðar dómkvadds matsmanns um ætlaða óvinnufærni sína af völdum hinnar tímabundnu starfsleyfissviptingar en það gerði hún ekki þrátt fyrir mótmæli stefnda gegn þessum málatilbúnaði hennar. Slík sönnunarfærsla hefði raunar verið brýn í ljósi þess að í málinu liggur fyrir að stefnandi hóf störf 11. febrúar 2019 sem stuðningsfulltrúi í búsetukjarna fyrir fatlað fólk, þ.e. einungis þremur dögum eftir að stefndi sendi henni bréf þar sem tilkynnt var um brottfall tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi hennar. Við þessar aðstæður geta læknavottorð og vottorð fjölskylduráðgjafa sem stefnandi aflaði einhliða ekki dugað henni til sönnunar á ætlaðri óvinnufærni sinni að þessu leyti. Framangreindar röksemdir eiga jafnframt við um þá málsástæðu stefnanda að framkoma og þær aðferðir sem stefndi hafi beitt við sviptinguna og aðdragandann að henni hafi haft í för með sér að hún eigi ekki afturkvæmt í starf dagforeldris. Telst sá málatilbúnaður stefnanda raunar haldlaus með öllu.

Við allt þetta bætist að kröfugerð stefnanda um skaðabætur til starfsloka telst fjarri lagi og á sér enga stoð í dómvenju, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 23. október 2014 í máli nr. 172/2014 og dóm Hæstaréttar 18. mars 2004 í máli nr. 275/2003. Hróflar ekki við þessari niðurstöðu þótt stefnandi hafi fengið tryggingastærðfræðing dómkvaddan til að reikna út fjárhagslegt tjón miðað við forsendur að baki kröfugerð hennar. Þær forsendur byggjast enda á ósönnuðum staðhæfingum um málsatvik, auk þess sem þær fá ekki staðist á lögfræðilegum grundvelli, sbr. einkum áður nefnda dómaframkvæmd Hæstaréttar. Hið sama á við um framlagt utanréttarmat Þjónustustofunnar ehf. sem stefnandi aflaði einhliða. Tilvísanir stefnanda til orðsporðstjóns, starfsheiðurs og æru hrófla heldur ekki við þessari niðurstöðu um ætlað fjárhagslegt tjón stefnanda. Í þessu samhengi ber auk þess að minna á að í málinu er ekki gerð krafa um miskabætur, enda liggur fyrir dómur Landsréttar um að stefnandi hafi ekki orðið fyrir miska af völdum stefnda í tengslum við málið.

Að öllu framangreindu virtu ber að sýkna stefnda af aðalkröfu stefnanda eins og hún er sett fram í stefnu.

C

Stefnandi hefur kosið að fara þá leið að tefla fram varakröfu í málsástæðukafla stefnu um tvíþætt tjón sem rúmist innan aðalkröfu verði ekki fallist á höfuðstól hennar. Annars vegar hafi stefnandi orðið af tekjum á tímabilinu 5. febrúar 2019 til 21. mars 2020. Upphaflega miðaði stefnandi við fjárhæðina 4.917.317 krónur í þessum efnunum, en lögmaður hennar bókaði um lækkun fjárhæðarinnar við aðalmeðferð niður í fjárhæðina 3.594.840 krónur. Byggt er á því að stefnandi hafi orðið af tekjum vegna starfsleyfissviptingarinnar allt frá sviptingardeggi 5. febrúar 2019 þar til hún lenti í vinnuslysi 21. mars 2020, en þá varð hún fyrir líkamsárás við störf í fyrrnefndum búsetukjarna.

Hins vegar er þess krafist að litið verði til þess að stefndi hafi neitað, að sögn stefnanda gegn betri vitund og með ólögætum hætti, að endurnýja starfsleyfi stefnanda í ágúst 2020. Hafi stefnandi því ekki getað starfað sem dagforeldri fyrir tilstuðlan stefnda frá og með september 2020 til og með apríl 2021. Upphaflega miðaði stefnandi við að tekjutap á þessu átta mánaða tímabili næmi 2.810.464 krónum, en lögmaður hennar bókaði um lækkun fjárhæðarinnar við aðalmeðferð niður í fjárhæðina 2.212.209 krónur. Að sögn lögmanns stefnanda var við lækkun fjárhæða í báðum tilvikum litið til tekna á mánuði samkvæmt matsgerð og sú fjárhæð margfölduð með fjölda mánaða.

Samtals er hér um að ræða kröfu að fjárhæð 5.807.049 krónur, auk þess sem stefnandi krefst vaxta af kröfunni eins og áður er rakið. Í reynd er bótagrundvöllur í þessum þætti málatilbúnaðar stefnanda þar með tvíþættur. Hvað fyrri þáttinn varðar þá ber að hafna honum með vísan til sömu röksemda og þegar eru raktar hér að framan um aðalkröfu stefnanda.

Hvað síðari þáttinn varðar þá er þar um að ræða atvik sem ekki voru til umfjöllunar í fyrra dómsmáli stefnanda gegn stefnda. Hefur Landsréttur þar með ekki tekið neina afstöðu til ætlaðs saknæmis eða ólögætis af hálfu stefnda í þessum efnunum. Þegar virt eru samskipti málsaðila og það sem fram kemur í læknisvottorðum sem stefnandi aflaði til að sýna fram á starfshæfni sína, en efni þeirra er rakið hér að framan, er það mat dómsins að ekki hafi verið um að ræða slíkar tafir á afgreiðslu erindis stefnanda að saknæmt geti talist. Er þá einnig haft í huga að framlögð læknisvottorð voru síður en svo ótvíræð um starfshæfni stefnanda, en hún var með umsókn um endurnýjun starfsleyfis að sækjast eftir því að fá að gæta að velferð og öryggi ómálga barna. Eins og atvikum háttar hér til telst ekki saknæmt af hálfu stefnda að reyna að tryggja öryggi barnanna með því að fylgja því eftir að ótvíræð læknisvottorð bærust frá stefnanda um heilsufar hennar. Verður því fallist á það með stefnda að tafir sem urðu á endurnýjun leyfisins hafi að mestu leyti verið að rekja til háttsemi stefnanda sjálfar.

Í þessu samhengi skiptir einnig máli að stefnandi viðurkenndi sjálf í skýrslu sinni fyrir dómi að hún hefði ekki verið heil heilsu í maí 2020 þegar hún lagði fram umsókn sína og aflaði upphaflegs læknisvottorðs. Raunar liggur fyrir í málinu annað læknisvottorð, dags. 11. maí 2021, sem stefnandi hafði sjálf aflað í tengslum við umsókn um sjúkradagpeninga, en þar er stefnandi sögð óvinnufær með öllu á tímabilinu 21. mars 2020 til 31. maí 2021, þ.e. um lengra tímabil en sem nemur öllu fyrrgreindu umsóknarferli stefnanda vegna endurnýjunar á starfsleyfi.

Auk þess viðurkenndi stefnandi fyrir dómi að hún hefði ekki ætlað sér að starfa aftur sem dagforeldri, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991. Þess í stað hefði hún viljað hafa starfsleyfið til að geta sýnt öðrum mögulegum vinnuveitendum eða samstarfsaðilum. Er þetta raunar einnig í samræmi við ummæli sem höfð eru eftir henni í matsgerð, dags. 26. júní 2023, um tjón stefnanda af völdum áðurnefndrar líkamsárásar sem stefnandi varð fyrir. Í þeirri matsgerð er haft eftir stefnanda að hún hafi fengið endurnýjað starfsleyfi sem dagforeldri í apríl 2021. Því næst segir: „Hún segi það einungis hafa verið réttlætismál í hennar huga, hún telji ljóst að hún muni aldrei geta starfað aftur sem dagforeldri.“ Fyrir dómi staðfesti stefnandi að rétt væri eftir sér haft um þetta atriði í matsgerðinni og lýsti því að hún hefði ætlað að fá sína „virðingu til baka“.

Að mati dómsins ber að fallast á það með stefnda að ætlað tjón stefnanda að þessu leyti sé þar með ósannað, enda telst einstaklingur ekki verða fyrir tjóni við drátt á endurnýjun starfsleyfis vegna starfs sem hann viðurkennir að hann hafi í reynd ekki ætlað að taka sér fyrir hendur.

Í samræmi við það sem að framan er rakið telst stefnandi ekki hafa leitt í ljós að skilyrðum skaðabótaréttar sé fullnægt um ólögætti, saknæmi eða tjón vegna ætlaðs dráttar við endurnýjun á starfsleyfi hennar. Ber því einnig að hafna þessum þætti bótakröfu stefnanda.

D

Eftir stendur einungis varakrafa stefnanda um bætur að álitum, sem að réttu lagi hefði átt að setja fram sem þrautavarakröfu hennar.

Í hinu fyrra dómsmáli aðila taldi Landsréttur uppfyllt það skilyrði að stefnandi hefði leitt nægar líkur að því að hún hefði orðið fyrir tjóni. Nánar tiltekið segir í dómi Landsréttar um ætlað tjón stefnanda að hún hefði verið svipt starfsleyfi í þrjá daga. Eins og gögn málsins bæru með sér hefði börnum sem hefðu verið í daggæslu hjá stefnanda verið komið annað í dagvistun. Stefnandi hefði því leitt nægar líkur að því að hún hefði orðið fyrir tjóni vegna hinnar ólögmætu leyfissviptingar. Var krafa hennar um að viðurkenndur yrði réttur hennar til skaðabóta úr hendi stefnda vegna ólögmætrar tímabundinnar sviptingar á starfsleyfi hennar því tekin til greina.

Hið fyrra dómsmál var þannig rekið sem viðurkenningarmál, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt því lagaákvæði er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í fjölda dóma Hæstaréttar verið skýrður svo að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni, gera grein fyrir því í hverju það hafi falist og hver tengsl þess séu við þau atvik sem bótaábyrgð er reist á, sbr. dóm Hæstaréttar 18. ágúst 2023 í máli nr. 38/2023.

Að gengnum slíkum dómi þar sem bótaskylda er viðurkennd þarf tjónþoli að sanna tjón sitt með venjulegum hætti, enda sé því mótmælt að hann hafi orðið fyrir tjóni, en sú er raunin í hinu fyrirbyggjandi máli. Dómaframkvæmd leiðir í ljós að ekki er sjálfgefið að slík sönnun takist jafnvel þótt aðili hafi áður verið talinn leiða nægar líkur að tjóni, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 17. nóvember 2011 í máli nr. 87/2011 og endanlega úrlausn þess ágreiningsefnis í úrskurði Landsréttar 24. febrúar 2022 í máli nr. 224/2021. Úrlausn ágreinings um tjón ræðst þannig af nánara mati hverju sinni. Við það mat kemur einnig til skoðunar hvort tjónþoli hafi sinnt þeirri skyldu að takmarka tjón sitt.

Sem fyrr segir skorti sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs stefnda heimild til að taka ákvörðun um hina tímabundnu leyfissviptingu og taldist hún því ólögmæt. Þegar er rakið að þeim fimm börnum sem voru í daggæslu hjá stefnanda hafði verið komið annað í dagvistun eftir að hinni tímabundnu starfsleyfissviptingu lauk, en stefnandi fékk þrátt fyrir það óskerta greiðslu frá stefnda fyrir febrúar 2019. Við slíkar aðstæður mætti almennt búast við því að stefnandi kynni að verða fyrir tjóni þar sem það gæti tekið stefnanda fáeina mánuði að ná aftur sama fjölda barna og þar með sömu tekjum og hún var með fyrir starfsleyfissviptinguna. Það gæti þá almennt mælt með því að einstaklingi í stöðu stefnanda yrðu dæmdar bætur að álitum vegna slíks tjóns. Gegn þessu sjónarmiði teflir stefndi fram þeirri málsástæðu að stefnandi hafi ekki gætt þeirrar skyldu sinnar að takmarka tjón sitt. Nánar tiltekið hafi það verið val stefnanda sjálfrar að óska eftir því við stefnda að öll pláss væru skráð fullnýtt hjá henni á vefsíðu yfir dagforeldra sem stefndi heldur úti. Þar með hafi það verið val stefnanda að nýta sér ekki gild starfsréttindi sín.

Við skýrslugjöf fyrir dómi viðurkenndi stefnandi að eftir að leyfissviptingin féll úr gildi 8. febrúar 2019 hefði hún ekki sóst eftir því að taka við börnum og vísaði um það til heilsufars síns. Dómurinn hefur aftur á móti þegar rakið hér að framan að gegn andmælum stefnda teljist sá máltilbúnaður stefnanda ósannaður að heilsubrestur hafi komið í veg fyrir að hún sinnti áfram starfi sínu sem dagforeldri frá því tímamarki. Þá viðurkenndi stefnandi fyrir dómi að hafa óskað eftir því að öll daggæslupláss sín yrðu skráð fullnýtt á vef stefnda. Um þetta má jafnframt vísa til þess að í dagál starfsmanns stefnda, dags. 14. júní 2019, þ.e. rúmum fjórum mánuðum síðar, er greint frá því að stefnandi hafi hringt og óskað eftir því að fram kæmi að hún væri ekki að taka að sér börn og væri undir læknishendi. Allt skyldi skráð „fullt“ til að hún myndi „losna undan samtölum“ við foreldra. Hún viti ekki hvenær hún muni hafa heilsu til að taka við börnum. Í málinu liggur fyrir tölvubréf sama starfsmanns til skóla- og frístundasviðs stefnda frá þeim degi sem er efnislega á sama veg. Þar segir að stefnandi hafi greint frá veikindum sínum sem hún reki til atgangs skóla- og frístundasviðs. Því næst segir: „Með því að vera með daggæsluna skráða fullvístaða vill hún vera laus við áreiti frá símtölum foreldra, því hún veit ekki hvort hún verði tilbúin að taka á móti börnum í haust.“ Reyndin varð sú að stefnandi tók sannarlega ekki á móti börnum haustið 2019 og var þá

löngu liðinn sá tími sem vænta hefði mátt minni umsvifa í starfsemi hennar vegna tímabundnu leyfissviptingarinnar ef hún hefði á annað borð kosið að takmarka tjón sitt með því að starfrækja áfram daggæslu barna á heimili sínu.

Að öllu framangreindu virtu ber að fallast á það með stefnda að stefnandi hafi vanrækt skyldu sína til að takmarka tjón sitt. Af þeirri vanrækslu leiðir að hún getur ekki krafist skaðabóta fyrir tjón sem hún hefði getað komið í veg fyrir með aðgerðum sínum. Í samræmi við þá niðurstöðu eru ekki forsendur til að ákvarða stefnanda bætur að álitum. Ber því einnig að sýkna stefnda af varakröfu stefnanda.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 4. apríl 2023. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar sem þykir hæfilega ákveðin 1.500.000 krónur, en sú þóknun er í samræmi við dómvenju ákveðin án tillits til virðisaukaskatts. Við það mat dómsins hefur verið tekið tillit til þess að lögmaður stefnanda hafði áður flutt í héraði og fyrir Landsrétti hið fyrra dómsmál sem varðaði kröfu stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Af hálfu stefnanda flutti málið Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Dagmar Arnardóttir lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Reykjavíkurborg, er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningsþóknun lögmanns hennar, Unnsteins Arnar Elvarssonar, 1.500.000 krónur.

Málskostnaður fellur niður milli aðila.